

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar

Reykjavík, 21. nóvember 2002.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (215. mál)**

Íslandsbanki hf. vísar til ofangreinds frumvarps sem nú er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Á vef Alþingis er Íslandsbanki hf. talinn upp meðal þeirra sem senda átti umsagnarbeiðni en engin slík beiðni hefur borist bankanum.

Þann 7. október s.l. sendu Íslandsbandi hf., Búnaðarbanki Íslands hf. og Landsbanki Íslands hf. sameiginlega bréf til viðskiptaráðuneytisins þar sem þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og lúta að eignarhaldi á sparisjóðum eru harðlega gagnrýnd. Vísað er til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram.

Undirritaður hefur haft samráð við lögmann Landsbanka Íslands hf. við ritun umsagnar um ofangreint frumvarp. Íslandsbanki hf. tekur undir athugasemdir Landsbanka Íslands hf. við frumvarpið og einstakar greinar þess, sem þar koma fram og má líta á þá umsögn sem umsögn Íslandsbanka hf.

Virðingarfyllst,

f.h. Íslandsbanka hf.

---

Tómas Sigurðsson, hdl.  
forstöðumaður lögfræðideildar